

Skýrsla tilnefningarnefndar Vátryggingafélags Íslands hf.

11. desember 2018

Inngangur

Tilnefningarnefnd var sett á lagginar með ákvörðun hluthafafundar þar að lútandi 20. september 2018. Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn Vátryggingafélags Íslands (VÍS). Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar skal hún starfa sem ráðgefandi nefnd og tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn VÍS fyrir aðalfund og þá hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Starfsreglur tilnefningarnefndar eru settar með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands (sjá viðauka 1). Þar er nánar getið um markmið og hlutverk, skipan, framkvæmd starfa og heimildir, fundi auk þagnar- og trúnaðarskyldu.

Hlutverk tilnefningarnefndar skv. starfsreglum felst m.a. í því að:

- a) Óska eftir framboðum til stjórnarsetu í VÍS.
- b) Leggja mat á lögmæti innsendra framboða.
- c) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- d) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- e) Leggja mat á bestu samsetningu stjórnar, þar sem m.a. skal gætt að kynjahlutföllum.
- f) Gera rökstudda tillögu um samsetningu stjórnar.

Á hluthafafundi þann 20. september 2018 voru sjálfkjörnir eftirfarandi aðilar í tilnefningarnefnd:

- Engilbert Hafsteinsson
- Gunnar Egill Egilsson
- Helga Hlín Hákonardóttir
- Sandra Hlíf Ocares
- Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir

Allir kjörnir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir er eigandi að 7,25% hlutafjár í gegnum eignarhaldsfélag sitt K2B fjárfestingar ehf., Engilbert Hafsteinsson er hluthafi í Óskabeini ehf. sem á 2,05% hlutafjár í félaginu og Helga Hlín Hákonardóttir er eigandi 0,005% hlutafjár í félaginu.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir sagði sig úr nefndinni með tölvupósti til nefndarinnar þann 30. nóvember 2018 eftir að hafa gefið kost á sér til stjórnarsetu í félaginu.

Hér fer lokaskýrsla tilnefningarnefndar sem lögð er fyrir sérstakan hluthafafund þann 14. desember 2018. Í skýrslunni er lagt mat á frambjóðendur til stjórnar og sett fram tillaga að samsetningu hennar.

Störf tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd kom fyrst saman þann 9. nóvember þar sem farið var yfir starfsreglur stjórnar auk þess að gera starfsáætlun um hvernig staðið yrði að starfi nefndarinnar vegna fyrirhugaðs stjórnarkjörs á hluthafafundi þann 14. desember 2018. Nefndin skipti með sér verkum og var Sandra Hlíf Ocares kjörin formaður nefndarinnar og Hildur Sif Haraldsdóttir ritari nefndarinnar. Alls fundaði tilnefningarnefndin 6 sinnum á tímabilinu frá 9. nóvember 2018 til 11. desember 2018.

Auglýst var eftir framboðum 19. nóvember 2018. Alls bárust 11 framboð til stjórnarsetu, 10 til aðalstjórnar og 3 til varastjórnar.

Sendur var póstur fulltrúa 20 stærstu hluthafa, framkvæmdastjórnar VÍS, stjórnar VÍS og lykilstarfsmanna þar sem þeim var gefinn kostur á því að koma sínum ábendingum framfæri hvað varðar þekkingarþörf, samsetningu, hæfni og reynslu stjórnarmanna og jafnframt sett auglýsing á heimsíðu félagsins þar sem öllum hluthöfum félagsins var boðið að koma ábendingum til nefndarinnar hvað ofangreind atriði varðar.

Nefndin hafði óvenju knappan tíma til að vinna að mati og að undirbúningi fyrir tilnefningu sína þar sem að hluthafafund með stjórnarkjör á dagskrá bar brátt að. Nefndin lagði áherslu á að vera fagleg og hlutlaus í mati sínu á frambjóðendum um bestu samsetningu stjórnar með heildarhagsmuni hluthafa að leiðarljósi fram að næsta stjórnarkjöri sem fer fram í mars 2019.

Nefndin ákvað að leita sér ráðgjafar frá óháðum sérfræðingum í samræmi við fyrirmæli starfsreglna, vegna mats á tilvonandi stjórnarmönnum og þeirra álitafna sem upp komu í vinnu nefndarinnar. Hanna María Jónsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent, aðstoðaði við skilgreiningu matsþátta og uppsetningu viðtalsforms. Einnig leitaði nefndin lögfræðiráðgjafar frá Ólafi Arinbirni Sigurðssyni lögmanni hvað varðar túlkun á lögum og reglum er snúa meðal annars að kynjahlutfalli í stjórn og varastjórn, ásamt öðrum reglum er snúa að vinnulagi nefndarinnar.

Nefndin vill taka fram að sú vinna sem unnin hefur verið á síðastliðnum vikum sé góður grunnur að áframhaldandi vinnu nefndarinnar fram að næsta aðalfundi. Í þeirri vinnu telur nefndin rétt að fram komi tillögur að ítarlegri starfsreglum er snúa að nefndarvinnu og þeim krefjandi verkefnum sem að nefndin mætti í vinnu sinni fyrir þessa skýrslu. Helst ber að nefna að núverandi reglur fjalla ekki um hæfi eða vanhæfi nefndarmanna, samskipti við hluthafa, fjölda nefndarmanna og bestu samsetningu nefndar.

Mat tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd greindi lykilhæfni, þekkingu og reynslu fyrir stjórnarsetu í stjórn VÍS í samræmi við þau gögn sem lágu fyrir, árangursmat stjórnar, ábendingar hluthafa og stjórnenda og starfsreglur, með vísan til neðan greindra þátta

- almenn stjórnunarreynsla
- reynsla úr tryggingarfyrirtæki/tryggingarrekstri
- stefnumótun og áætlunargerð
- áhættustýring
- innra eftirlit
- lögfræði
- starfsmannastjórnun
- markaðs- og sölumál
- fjárfestatengsl
- upplýsingatækni
- stjórnarhættir
- samfélagsábyrgð
- tækniþekking/stafræn þróun

Auk þess að horfa til þessara lykilþátta voru spurningar byggðar upp til þess að meta hæfni frambjóðenda til að starfa í hóp, reynslu af ákvörðunartöku, áhuga á félaginu og góða

samskiptahæfileika. Einnig var ákveðið að spyrja sérstaklega út í reynslu og þekkingu frambjóðenda hvað varðar tækni og stafræna þróun þar sem fram kom í síðasta árangursmati stjórnar að það vanti.

Ákveðið var sökum þröngs tímaramma að einn nefndarmaður myndi taka viðtöl ásamt hlutlausum aðila Capacent og ákveðið var að Sandra Hlíf formaður nefndarinnar tæki það að sér fyrir hönd nefndarinnar. Í viðtölunum voru sömu spurningar lagðar fyrir alla frambjóðendur út frá ofangreindum matsþáttum (sjá viðauka 2.). Viðtölin fóru fram þann 6. og 7. desember 2018 á skrifstofum Capacent.

Eftir að viðtölum lauk hittist nefndin og farið var yfir niðurstöðu viðtala, fjölda stiga sem einstaklingar hlutu úr matsþáttum (sjá viðauka 2), ferilskrár og í framhaldið var stillt upp stjórnartillögum út frá mati tilnefningarnefndar og kynjahlutföllum. Við uppstillingu á tillögu nefndarinnar þurfti að hafa í huga að kynjahlutföll í aðal- og varastjórn þurfa að vera sem næst jöfn, skv. samþykktum félagsins og reglum nefndarinnar.

Það er mat meirihluta tilnefningarnefndar að helstu lykilhæfni, reynslu og þekkingu sé að finna í hópí frambjóðenda. Einn nefndarmaður studdi ekki tillögu nefndarinnar og skýrslu þessa og sagði sig úr nefndinni að kvöldi 11. desember 2018.

Niðurstaða

Nefndin leggur til að þau Gestur Breiðfjörð Gestsson, Marta Guðrún Blöndal, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, Valdimar Svavarsson og Vilhjálmur Egilsson verði kjörin til setu sem aðalmenn í stjórn og Auður Jónsdóttir og Sveinn Friðrik Sveinsson í varastjórn VÍS. Lýsing á bakgrunni þeirra, færni og hæfni má finna í viðauka 3.

Viðauki 1.

STARFSREGLUR

TILNEFNINGARNEFNDAR VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

1. gr. Markmið og hlutverk

1.1 Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt ákvæði [15. gr. a] samþykktar VÍS. Samkvæmt ákvæðinu skal innan félagsins starfa ráðgefandi tilnefningarnefnd sem tilnefnir frambjóðendur til setu í stjórn VÍS fyrir aðalfundi félagsins og þá hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

1.2 Tilnefningarnefnd gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Hlutverk nefndarinnar skal m.a. felast í því að:

- a) Óska eftir framboðum til stjórnarsetu í VÍS.
- b) Leggja mat á lögmæti innsendra framboða.
- c) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- d) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- e) Leggja mat á bestu samsetningu stjórnar, þar sem m.a. skal gætt að kynjahlutföllum.
- f) Gera rökstudda tillögu um samsetningu stjórnar.

2. gr. Skipan

2.1 Tilnefningarnefnd kýs formann úr hópi nefndarmanna og ræður einfaldur meirihluti atkvæða kjöri hans. Stjórnarformaður félagsins eða annar stjórnarmaður skal ekki gegna formennsku. Þá útnefnir tilnefningarnefnd ritara nefndarinnar sem tilnefna má utan hóps nefndarmanna. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

3. gr. Framkvæmd starfa og heimildir

3.1 Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir VÍS, starfsreglur þessar og íslensk lög og hefur hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka

atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

3.2 Við framkvæmd starfa skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.

3.3 Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum hafa óheftan aðgang að öllum þeim gögnum sem nefndin telur nauðsynleg til að gegna hlutverki sínu. Tilnefningarnefnd skal einnig vera heimilt að leita til sitjandi stjórnar, undirnefnda stjórnar, lykilstjónenda, ráðgjafa stjórnar í stjórnarháttum auk einstakra hluthafa til að afla viðeigandi upplýsinga, eftir því sem við á.

3.4 Tilnefningarnefnd skal heimilt að leita til utanaðkomandi ráðgjafa og skulu þeir vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Tilnefningarnefnd gengur úr skugga um óhæði utanaðkomandi ráðgjafa.

3.5 Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd gera grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Á vefsíðu félagsins skal jafnframt birta rökstuðning nefndarinnar.

4. gr. Stjórnarmið við mat á frambjóðendum

4.1 Við mat á frambjóðendum til stjórnar skal tilnefningarnefnd hafa í huga að VÍS er vátryggingafélag sem hlotið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og starfar í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Þá hafa hlutabréf félagsins verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað og gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2017 ásamt reglugerðum, reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um hlutabréfin. Þessar réttarheimildir hafa að geyma fjölda reglna sem lúta að starfsemi félagsins sem stjórnarmenn þurfa að geta tileinkað sér. Jafnframt hafa þær að geyma ákvæði um atriði sem líta ber til við mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna.

4.2 Að öðru leyti skal tilnefningarnefnd hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja .

5. gr. Fundir

5.1 Tilnefningarnefnd skal funda eftir þörfum. Formaður nefndarinnar boðar til funda og stýrir þeim. Þá skal ritari nefndarinnar rita fundargerð um alla haldna fundi.

5.2 Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með löglegum hætti með minnst þriggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

6.1 Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um störf sín, málefni félagsins, frambjóðendur til stjórnar og önnur atriði sem þeir öðlast vitneskju um í tengslum við starf þeirra við nefndina og leynt skulu fara með samkvæmt lögum, samþykktum VÍS eða eðli máls. Þagnar- og trúnaðarskylda þessi helst þótt látið sé af starfi.

7. gr. Gildistaka og birting

7.1 Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi.

7.2 Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu VÍS.

Samþykkt á hluthafafundi VÍS hinn 20. september 2018.

Viðauki 2

Matrixa stjórnar VÍS	VÍS
Almennt	
Stjórnun	Fjármagnsskipan
Rekstur	Lánastarfsemi
Áhættustýring	Markaðir
Innra eftirlit	Eignastýring
Reikningsskil og endurskoðun	Alþjóðleg fjármálastarfsemi
Lögfræði	Lagaumhverfi
Stefnumótun og áætlanagerð	Tryggingarstærðfræði
Starfsmannastjórnun	Vátryggingaskuld
Markaðs- og sölumál	Vátryggingasamningar
Fjárfestatengsl	Starfræn þróun
Upplýsingatækni	Umfangsmikil þekking og reynsla af
Stjórnarhættir	Töluverð þekking og reynsla af mále
Samfélagsábyrgð	Lítill þekking og reynsla af málefnum
Forstjóri/framkvæmdastjóri (árafjöldi)	Óveruleg þekking eða óveruleg reyn
Samtals stig	
Kyn	
Aldur	
Menntun	

Matsþættir í viðtali að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið auk þeirra þátta sem taka þarf tillit til skv. síðasta árangursmati stjórnar eru eftirtaldar spurningar lagðar til sem hluti af viðtali við frambjóðendur.

Áhugi á félaginu og starfsemi þess	Af hverju sækist þú eftir stjórnarsæti í stjórn VÍS ?
Vill ná árangri fyrir hluthafa	Hvaða reynsla, þekking eða hæfni sem þú býrð yfir telur þú vera styrkleika fyrir stjórn VÍS?
Þekking á starfsemi félagsins og þess reksturs sem það sinnir	Hversu mikla þekkingu og reynslu hefur þú af tryggingarrekstri ?
Skilningur á samsetningu hluthafahóps VÍS	Hefur þú kynnt þér samsetningu hluthafahóps VÍS?
Tími og sveigjanleiki til þátttöku í starfi stjórnar	Störf stjórnar geta verið tímafrek og gerð er krafa um að stjórnarmenn hafi tíma og sveigjanleika til að sinna störfum sínum. Hefur þú þetta svigrúm og þann tíma sem þarf til að sinna stjórnarstarfinu ?
Ólfekkað mannaorð og góð tengsl	Eru einhverjar upplýsingar um tengsl þín, fyrri störf eða annað sem þú telur að geti varpað skugga á orðspor stjórnar VÍS eða rekstur félagsins ? Hver er

	Þín afstaða eða þekking á orðsporðsáhættu VÍS
Reynsla af ákvarðanatöku	Hvernig nálgast þú ákvarðanatöku ? Geturðu lýst dæmi þar sem þú þurftir að taka ákvörðun hratt ? Hvernig finnst þér best að taka ákvaðaranir - ein(n) eða í hópi ? Hvenær á hvort við að þínu mati ?
Hæfni til að starfa í hópi	Hefur þú reynslu af því að starfa í teymi þar sem reynt hefur á samskipti og úrlausn ágreiningsefna ? Hvernig hefur þú tekist á við það og hvaða aðferðurm hefur þú beitt til að ná farsælli niðurstöðu ?
Góðir samskiptahæfileikar	Hvað telur þú einkenna góð samskipti eða mikla hæfni í mannlegum samskiptum ?
Uppfylli hæfniskilyrði FME	Nú er farið fram á í hæfniskilyrðum FME að stjórnarmenn séu fjárhagslega sjálfstæðir, veitir þú heimild til þess að þér sé flett upp í Creditinfo ?
Stafræn þróun	Hver er þín þekking og reynsla í starfrænni þróun ?

Viðauki 3

Aðalstjórn:

Gestur Breiðfjörð Gestsson

Gestur tók sæti í stjórn VÍS í mars 2017. Hann hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1975

Menntun: Stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Sparnaðar ehf.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri og stofnandi ýmissa félaga, s.s. Sparnaðar ehf. og Premium ehf. Hefur starfað við vátrygginga- og lífeyrisstarfsemi frá árinu 1999 til dagsins í dag.

Önnur stjórnarseta: Premium ehf. (stjórnarformaður), Óskabein ehf. (stjórnarformaður), Sparnaður ehf. (meðstjórnandi), Garðatorg 7 ehf. (meðstjórnandi) og Geda ehf. (meðstjórnandi).

Hlutfjáreign í VÍS og óháði: Félagið Óskabein ehf., sem Sparnaður ehf. á 45,1% hlut í, á um 2,05% hlut í VÍS. Gestur telst óháður VÍS. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Marta Guðrún Blöndal

Fæðingarár: 1988.

Menntun: Meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands (2013). Héraðsdómslögmannsréttindi (2016).

Aðalstarf: Yfirlögfræðingur ORF líftækni hf.

Starfsreynsla: Marta hefur gegnt stöðu yfirlögfræðings ORF Líftækni frá apríl 2018. Áður var hún aðstoðarframkvæmdarstjóri og lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands (2014-2018). Fulltrúi hjá Juris (2013-2014). Endurupptökunefnd (2013-2014). Innanríkisráðuneytið (2012-2013). Útlendingastofnun (2011-2012).

Önnur stjórnarseta: Engin.

Hlutfjáreign í VÍS og óháði: Marta á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir

Svanhildur tók sæti í stjórn VÍS í mars 2017. Hún hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1977

Menntun: B.Sc. próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1999 og M.S. í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands 2003 (skiptinámið við Copenhagen Business School). Svanhildur er með próf í verðbréfamiðlun frá árinu 2001.

Aðalstarf: Fjárfestir

Starfsreynsla: Eigin fjárfestingar frá 2007 til dagsins í dag, framkvæmdastjóri fjárstýringar Straums fjárfestingarbanka 2005-2007, forstöðumaður fjármögnunar hjá Kaupþingi 2002-2005, forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka FBA 2000-2002, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins 1999-2000.

Önnur stjórnarseta: K2B fjárfestingar ehf. (stjórnarmaður), Hedda eignarhaldsfélag ehf. (varamaður), BBL II ehf. (meðstjórnandi), Skel Investments ehf. (meðstjórnandi),

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Svanhildur á ásamt eiginmanni sínum Guðmundi um 7,25% hlut í VÍS gegnum K2B fjárfestingar ehf. Svanhildur telst óháð VÍS. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Valdimar Svavarsson

Valdimar tók sæti í stjórn VÍS í mars 2017 og er stjórnarformaður félagsins. Hann hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1968

Menntun: B.A. í hagfræði. Próf í verðbréfiðskiptum frá árinu 1998. Registered Person Exam SFA London 2001 (sambærilegt við próf í verðbréfamiðlun). Ýmis fagtengd námskeið og fyrirlestrar bæði hér á landi, í London, Lúxemborg og víðar í fjármálum, stjórnun, markaðsmálum o.fl.

Aðalstarf: Fjárfestingar og fjárfestingarumsjón. Framkvæmdastjóri Civitas ehf., Fjárfestingarfélagsins Hlíðar ehf. og NH eigna ehf.

Starfsreynsla: Forstöðumaður viðskiptaþróunar og sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu hf. 2011-2017, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Virðingar hf. 2010-2011, framkvæmdastjóri Quantum Consulting 2008-2010, forstöðumaður hjá VBS fjárfestingabanka 2004-2007, forstöðumaður einkabankaþjónustu Heritable Bank 2001-2003.

Önnur stjórnarseta: Fjárfestingarélagið Solace ehf. (stjórnarmaður), Solace slf. (stjórnarmaður), Civitas ehf. (stjórnarmaður), og Holtseignir ehf. (stjórnarmaður).

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Valdimar á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Vilhjálmur Egilsson

Fæðingarár: 1952

Menntun: Doktor í hagfræði frá University of Southern California, Los Angeles (1982). Meistarapróf í hagfræði frá University of Southern California (1980). Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands (1977).

Aðalstarf: Rektor Háskólans á Bifröst.

Starfsreynsla: Vilhjálmur hefur gegnt stöðu rektors Háskólans á Bifröst frá 2013. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (2006-2013). Ráðuneytisstjóri Sjávarútvegsráðuneytisins (2004-2006). Í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) (2003). Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands (1987-2003). Alþingismaður fyrir Norðurlandskjördæmi vestra (1991-2003). Hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands (1982-1987).

Önnur stjórnarseta: Innviðir slhf. (stjórnarmaður), Menntaskóli Borgarfjarðar (stjórnarformaður), Harpa ohf. (stjórnarmaður, varaformaður stjórnar, endurskoðunarnefnd).

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Varastjórn:

Sveinn Friðrik Sveinsson

Sveinn Friðrik tók sæti í varastjórn VÍS í mars 2018.

Fæðingarár: 1974

Menntun: B.Sc. próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, löggilding í verðbréfamiðlun frá HR.

Aðalstarf: Fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

Starfsreynsla: Fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi frá 2017, fjármálastjóri Bílanausts 2014-2017, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Virðingu 2011-2014, verðbréfamiðlun hjá Saga fjárfestingabanka 2010-2011, forstöðumaður fjárfestingar hjá Straumi fjárfestingabanka 2006-2009 og forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka 2000-2006.

Stjórnarseta: Engin

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Sveinn á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Auður Björg Jónsdóttir

Fæðingarár: 1980

Menntun: Meistarapróf í lögfræði frá Háskóla Íslands (2005). Héraðsdómslögmannsréttindi (2006). Hæstaréttarlögmaður (2014). Löggiltur fasteignasali (2015). Leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar (2018).

Aðalstarf: Hæstaréttarlögmaður.

Starfsreynsla: JA Lögmenn ehf. (2015-). Lögmennsstofa Jóns Egilssonar hrl. (2005-2015).

Aðstoðarkennsla við lagadeild Háskóla Íslands (2003-2005).

Stjórnarseta: JA lögmenn ehf. (stjórnarmaður)

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Auður á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.